

27. desember 1973.

305

Nr. 105.

L Ö G

um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nauðsynleg frávík frá ákvæðum laga, reglugerða og samþykktá, er snerta byggingarmálefni, sbr. 2. gr., enda taki sú reglugerð einungis til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, er reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973.

2. gr.

Þau ákvæði, sem um ræðir í 1. gr., eru:

- 1) Lög nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84/1943.
- 2) Lög nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, dags. 6. jan. 1857, og lög nr. 55/1905, um breyting á því. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, dags. 26. jan. 1966, og lög nr. 23/1905, um breyting á því. Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 14/1897.
- 3) Lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. og lög nr. 26/1948.
- 4) Skipulagslög, nr. 19/1964.
- 5) Lög nr. 55/1969, um brunavarnir og brunamál.
- 6) Orkulög, nr. 58/1967.
- 7) Lög nr. 18/1927, um iðju og iðnað, sbr. og lög nr. 105/1936.

Nú telur félagsmálaráðuneytið, að brýna nauðsyn beri til að veita frávík frá öðrum lögum, þannig að tilgangi þessara laga verði náð, og skal slíkt þá heimilt, en leita skal umsagnar hlutaðeigandi ráðuneytis, áður en slíkt verður gert.

Ákvæði þessarar greinar taka og til reglugerða og samþykktá, er settar eru samkvæmt nefndum lögum.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar um frávík frá ákvæðum í tölulíðum 1—4 í 2. gr. eru háð meðmælum Skipulagsstjórnar ríkisins. Frávík frá ákvæðum 5. tölulíðs eru háð meðmælum stjórnar Brunamálstofnunar ríkisins, en frávík frá ákvæðum 6. tölulíðs meðmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, en um meðferð mála samkvæmt þeim fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, sbr. lög nr. 32 frá 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 200 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 300 milljónum króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Reykhólum við Breiðafjörð til vinnslu á þörungum eða efnum úr þörungum.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

Íðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.